



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti og fyrning kröfuréttinda (fyrningarfrestur) 449. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Samtök atvinnulífsins taka undir það sjónarmið sem frumvarp þetta byggir á, þ.e.a.s. að tryggja að eftir gjaldþrot sé ekki hægt að halda kröfum lifandi að eilífu og að tryggja að einstaklingur sem gengur í gegnum gjaldþrot geti unnið sig út úr því. Mikilvægt er einnig að kröfuhafar hafi eðlilegan frest til að knýja á um fullnustu krafna sinna fáist þær ekki greiddar á gjalddaga.

Hins vegar telja samtökin að sá fyrningarfrestur sem lagður er til í frumvarpinu, þ.e.a.s. 4 ár sé of stuttur, sérstaklega með tilliti til þess að í lögum um greiðsluaðlögun er gert ráð fyrir að greiðsluaðlögun vari í 2-5 ár. Til að greiðsluaðlögun nái markmiði sínu verður að vera fyrir hendi hvati fyrir skuldara að reyna að greiða hluta af sínum skuldum með greiðsluaðlögun eða með sértækri skuldaaðlögun fjármálafyrirtækja. Ef fyrningarfrestur vegna gjaldþrots er orðinn jafn langur eða jafnvel styttri en greiðsluaðlögun er ætlað að standa yfir er hættu á að ekki verði lengur til staðar sá hvati sem áður er minnst á. Vegna þessa mæla samtökin með því að fyrningarfresturinn verði a.m.k. 7-8 ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.